

Rangárping ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 2. ágúst 2025
2013-593/00.03.08
SG/AVB

Efni: Umfjöllun um eldhraun í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 127/2024

Í úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 127/2024, vegna kæru á ákvörðun sveitarstjórnar Rangárþings ytra frá 16. október 2024 um að veita framkvæmdaleyfi vegna Hvammsvirkjunar kemur m.a. fram eftirfarandi (**rauðmerkt** er til áherslu).

„Komi til þess að veitt verði virkjunarleyfi til bráðabirgða til þeirra undirbúningsframkvæmda við Hvammsvirkjun sem um hefur verið deilt fyrir úrskurðarnefndinni áður en mál þetta verður tekið til endanlegs úrskurðar verður væntanlega að nokkru barið í þá bresti sem sýnt hafa sig við meðferð þessa kærumáls. Myndu þá koma til nánari athugunar önnur þau sjónarmið sem kærendur í máli þessu hafa fært fram, m.a. um hvort leyfisveitandi hafi tekið afstöðu til þess hvort brýna nauðsyn bæri til að raska **eldhrauni** í þágu hinna kærðu framkvæmda, sbr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Að þessu virtu þykir rétt að svo stöddu að láta nægja að stöðva framkvæmdir samkvæmt hinni kærðu ákvörðun. Um leið er það á forræði leyfishafa hvort hann sækir um nýtt framkvæmdaleyfi fyrir undirbúningsframkvæmdum eða heldur til streitu kröfu í máli þessu um að hið kærða leyfi verði látið óraskað eða til vara fellt úr gildi að hluta til“.

Að því tilefni er rétt að fram komi að 61. grein laga um náttúruvernd 60/2013 er á þessa leið (**rauðmerkt** er til áherslu):

„**61. gr.** Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja.

Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr.

- votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur,
- sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.

Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr.:

- eldvörp, **eldhraun**, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma,
- fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til. Skyld er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar Náttúruverndarstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag eða eftir atvikum staðfest raflínuskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir.



Við mat á leyfisumsókn skal líta til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. og jafnframt huga að mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi.

Ákvæði leyfisveitandi að heimila framkvæmd skal hann rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega fari hún í bága við umsagnir umsagnaraðila. Heimilt er að binda leyfi skilyrðum sem þykja nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Senda skal Náttúruverndarstofnun afrit af útgefnu leyfi.

Náttúrufræðistofnun skal halda skrár yfir náttúrufyrirbæri sem talin eru upp í 1. og 2. mgr. önnur en birkiskóga en Land og skógur heldur skrá yfir þá. Stofnanirnar skulu birta skrárnar, auk þess sem þær eru birtar sem viðauki við náttúruminjaskrá.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd (lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013 <https://www.althingi.is/altext/141/s/0537.html>) er eftirfarandi (rauðmerkt er til áherslu):

„Í a-lið 2. mgr. er kveðið á um vernd eldvarpa, eldhrauna, gervigíga og hraunhella. Í ákvæðinu er áréttað að átt sé við jarðmyndanir sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu við lok ísaldar, þ.e. jarðmyndanir sem jökull hefur ekki gengið yfir. Samkvæmt venjulegri merkingu hugtakanna eldvörp, gervigígar og eldhraun í íslenskri jarðfræði ná þau yfir alla gíga, hraun og hvers kyns hraunmyndanir, þar á meðal hraunhella, sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu við lok ísaldar. Þessi náttúrufyrirbæri eru frábrugðin flestum öðrum gerðum jarðlaga að því leyti að þau eru nýmyndaður berggrunnur með upprunalegt yfirborð. Yfirborðið er afar viðkvæmt fyrir raski og er allt rask óafturkræft. Verndargildi hrauna lækkar við rask og veðrun og því hafa yngri hraun almennt hærra verndargildi en eldri hraun. Sögulegt samhengi og þekking á myndun hraunanna eykur mikilvægi þeirra og því hafa eldvörp, gervigígar og eldhraun mynduð á sögulegum tíma alla jafna meira verndargildi en eldri myndanir. Oft einkennast þau af sérstæðu gróðurfari og dýralífi. Jarðvegur er þar lítt þróaður og heldur illa vatni og mosa- og fléttutegundir eru ráðandi í gróðri. Vistgerðir þessara jarðmyndana eru því afar sérstæðar og eykur það gildi þeirra. Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.“

Á áhrifasvæði Hvammsvirkjunar er svokallað Þjórsárhraun undir sem talið er um 8.000 ára gamalt og rann því skömmu eftir að ísöld lauk. Hraunið er eitt stærsta þekkta hraun landsins og er undir stórum svæðum meðfram farvegi Þjórsár og á Skeiðum og í Flóa. Víða er það hulið sandi og jarðvegi. Svo háttar einmitt til á áhrifasvæði Hvammsvirkjunar. Því verður ekki séð að ákvæði 61. greinar um eldhraun og verndargildi þeirra eigi við eins og vel er útskýrt í greinargerð með frumvarpinu sem síðar varð að lögum um náttúruvernd. Ekki er heldur séð að Náttúrufræðistofnun hafi sett þetta svæði á skrá yfir svæði með hátt verndargildi.

Virðingarfyllst,

Ólöf Rós Káradóttir,
Yfirverkefnisstjóri Hvammsvirkjunar

Afrit sent Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Umhverfis- og orkustofnun